

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 23. desember 1997, staðfest breytingar á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 frá 28. mars 1996.

Breytingin er sú að vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar við sjúkrahús og heilsugæslu er lóðin Skólavegur 6 stækkuð til norðvesturs, út í núverandi skróðgarð.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 23. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

23. desember 1997

Nr. 763

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992 - 2012.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 23. desember 1997, staðfest breytingar á aðalskipulagi Akraness 1992 - 2012, frá 2. febrúar 1995 með síðari breytingum.

Breytingin varðar lóðina við Garðabraut nr. 1 sem í gildandi aðalskipulagi er skilgreind sem svæði fyrir opinberar stofnanir. Hluti lóðarinnar verður að íbúðarsvæði, þar sem reist verði tveggja hæða fjölbýlishús og hinn hlutinn skilgreindur sem verslunar- og þjónustusvæði.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akraness. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 23. desember 1997.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

30. desember 1997

Nr. 764

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 8 14. janúar 1997 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með áorðnum breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á 8. gr. reglugerðarinnar:

Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 1997“ í 1. másl. 1. mgr. komi: 1. janúar 1998.

Í stað ártalsins „1997“ í 2. másl. 1. mgr. komi: 1998.

Í stað orðanna „849 kr.“ í 2. másl. 1. mgr. komi: 880 kr.

Í stað orðanna „322.000 kr.“ í 2. másl. 1. mgr. komi: 334.000 kr.

Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 1997“ í 4. másl. 1. mgr. komi: 1. janúar 1998.

2. gr.

2. mgr. 16. gr. fellur niður.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Til 1. apríl 1998 skal veita styrki til að úrelða krókabáta á sóknardögum. Skal úreldingarstyrkurinn nema 80% af húftryggingarverðmæti. Gilda ákvæði 7. og 8. gr. laga nr. 92/1994, sem og ákvæði til bráðabirgða II. skv. þeim lögum sbr. lög nr. 89/1995, að öðru leyti um styrkveitingu þessa. Einnig gilda ákvæði 10. og 11. gr. reglugerðar nr. 7/1996 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum, eftir því sem við á. Skal Þróunarsjóður hafa lokið öllum afgreiðslum vegna umsókna krókabáta á sóknardögum um úreldingarstyrki fyrir 1. maí 1998.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 92 24. maí 1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. desember 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUR

um styrkveitingar samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 36/1997, um almenningsbókasöfn.

1. gr.

Menntamálaráðherra úthlutar styrkjum af fé því sem veitt er í fjárlögum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 36/1997, um almenningsbókasöfn. Aðalmarkmið styrkjanna er að stuðla að því að almenningsbókasöfn verði fær um að bjóða þjónustu sem styðst við nútímaupplýsingatækni og jafnframt að greiða fyrir tengingu bókasafna landsins í staf-rænt upplýsinganet. Styrkirnir eru veittir að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar um málefni almenningsbókasafna.

2. gr.

Styrki má veita til verkefna sem samræmast þeim markmiðum er um ræðir í 1. gr., þ. á m.:

- a. Kaupa á tölvubúnaði.
- b. Endurmenntunar bókavarða.
- c. Að semja og gefa út fræðslufni fyrir almenning um hvernig færa megi sér nýja upplýsingatækni í nyt.
- d. Verkefna sem lúta að tölvutengingu bókasafna.

Styrki má einnig veita til annarra þróunarverkefna í þágu almenningsbókasafna, einkum á sviði rannsókna og fræðslu.